

Upplýsingar um YFIRBYGGINGAR Á VÖRUBIFREIÐIR

Almennt um úttekt yfirbygginga:

Þegar yfirbygging vörubifreiðar er tekin út af skoðunarstofu verða að fylgja gögn (teikningar) frá framleiðanda um útfærslu festinga við grindina fyrir viðkomandi yfirbyggingu (þess þarf ekki þegar um eftirvagn eða aðra ökutækjaflokka er að ræða). Sjá um innihald gagna (teikninga) neðar.

Yfirbygging sú sem skráð er á ökutæki er alltaf fest með varanlegum hætti á grind þess og samkvæmt fyrirmælum framleiðanda vörubifreiðarinnar. Með varanlegum hætti er átt við að festingin sé boltuð með nokkrum boltum sem yfirleitt er búið að mála yfir. Sé yfirbygging ekki fest með varanlegum hætti fæst hún ekki skráð og er þar með ekki inni í myndinni þegar ákvarðanir um útfærslu og flokk ökutækisins eru teknar.

Allar yfirbyggingar vörubifreiðar eru skráðar í skráningarskrarteinið eftir úttekt, að auki er fyrir sérhverja yfirbyggingu skráð lengd, breidd og eiginþyngd ökutækisins með þeirri yfirbyggingu. Þetta þýðir að hægt að hafa fleiri en eina yfirbyggingu skráða á vörubifreið, þótt aðeins ein þeirra sé notuð í einu (eða á bifreiðinni yfirleitt). Einu skilyrðin eru þau að þær festingar sem samþykktar hafa verið fyrir sérhverja yfirbyggingu séu notaðar þegar hún er í notkun.

Ferill ábyggingar:

1. Aðili sem ætlar sér að byggja yfir vörubifreið byrjar á því að afla sér teikninga frá framleiðanda vörubifreiðarinnar um hvernig viðkomandi yfirbygging skal fest á bifreiðina. Hann aflar sér einnig upplýsinga frá framleiðanda yfirbyggingarinnar. Ef vafi leikur á gildi gagnanna er mjög æskilegt að hafa samband við næstu skoðunarstöð og óska eftir yfirferð þeirra áður en lengra er haldið.
2. Ábyggingaraðilinn festir nú yfirbygginguna á vörubifreiðina og vinnur í samræmi við þau gögn og teikningar sem nú eru fyrirbyggjandi.
3. Þegar yfirbyggingin hefur verið fest á með varanlegum hætti er vörubifreiðin færð til úttektar í einhverri skoðunarstöð Frumherja hf. og verða gögnin að fylgja sem unnið var eftir. Þetta getur verið skráningarskoðun, ef billinn hefur aldrei verið skráður áður hér á landi, eða breytingaskoðun, ef verið er að breyta yfirbyggingu eða bæta við annarri á bil sem er í notkun. Sjá sérstök upplýsingablöð um þessar skoðanir.

Almennt um yfirbyggingar og áfestan búnað vörubifreiða:

Grind vörubifreiða er almennt samsett úr skúffubítum. Algengt er að langbitarnir séu gataðir frá verksmiðju, annars þarf að búa til ný göt skv. fyrirmælum framleiðanda. Í þau er ætlast til að yfirbygging sé boltuð eða hnoðuð. Óheimilt er að eiga við efra og neðra flau skúffubítans, einnig er óheimilt að sjóða í eða á grindina nokkurn hlut, nema framleiðandi heimili það.

Ljóst er að yfirbygging má ekki hindra eðlilegar hreyfingar bílgrindarinnar og því verður að velja réttar festingar m.v. sveigjanleika yfirbyggingarinnar (stífar, sveigjanlegar eða mjög sveigjanlegar). Því eru yfirleitt notaðar fleiri en ein tegund festingar fyrir sérhverja yfirbyggingu (festiplötur, punktfestingar og einása eða tvíása færslufestingar).

Það sem tengir saman yfirbyggingu og bílgrind er oftast svokölluð yfirgrind sem kemur ofaná bílgrindina og dreifir álagi yfirbyggingarinnar á hana. Þrenns konar álag á bílgrindur er aðallega um að ræða af völdum yfirbygginga; jafndreift álag (t.d. opinn pallur), dreifing á marga festipunkta (t.d. tankur), eða punktálag (t.d. krani). Auðveldast er fyrir bílgrindina að bera jafndreifða álagið. Yfirgrind getur verið hluti sturtupalls, plata undir stól, rammi undir tank eða álagsdreifigrind undir krana. Yfirgrind er byggð með svipuðum hætti og bílgrindin, en er yfirleitt úr talsvert veigaminna efni. Á hana má sjóða festingar og sjálfa yfirbygginguna. Fremri endar langbitanna verða að vera fleyglaga til að minnka spennuhækkun í bílgrindinni við endann.

Upplýsingar um gámagrindur:

Gámur er festur með s.k. gámagrind sem ætluð er fyrir flutning sjáfberandi gáma af stöðluðum stærðum. Á hornum og jafnvel hliðum grindarinnar eru gámalásar sem læsast í stöðluð eyru gámana. Staðsetning lásanna er samhverf um lengdarás bílsins. Lágmarksfjöldi þeirra er 4, einn fyrir hvert horn gámsins. Breiddarbil milli lásanna (miðja í miðju) er um 2260 mm og lengdarbil fyrir 20 feta gámur er um 5860 mm. Stundum bætast fjórir lásar við á mitt lengdarbili til flutninga á tveimur eða fleiri gámum í einu.

Innihald teikninga:

Mikilvægt er að teikningar og önnur gögn innihaldi upplýsingar um tegund yfirbyggingar (pallur, kassi, tankur, o.þ.h.), hvar hún kemur í bifreiðina, festingar sem á/má nota, staðsetningu festinganna, og almenn mál. Gögn og teikningar verða að vera frá framleiðanda eða unnar upp úr upplýsingum framleiðanda.

- **Mynd af bílnum á hlið** (eða þess hluta bílsins sem yfirbyggingin kemur á) með yfirbyggingunni sem verið er að fá samþykka.
- **Málsett stærð yfirbyggingarinnar** (m.a. lengd, breidd og hæð).
- **Upplýsingar um gerð festinga.** Þær geta verið af nokkrum gerðum og er jafnvel áskilið að nota sumar, aðrar má nota og einhverjar er óheimilt að hafa. Æskilegt er að mynd fylgi af útfærslu þessara festinga, en nægilegt er að fram komi hvort festingarnar eru stífar (festiplötur), einása færslufestingar eða tvíása færslufestingar.
- **Staðsetning festinga.** Hér er átt við lengdarstaðsetningu eftir grindinni og fram komi leyfilegt bil milli þeirra. Oftast eru bilin milli festinganna nákvæmlega skilgreind, en stundum er heimilt að hafa visst frávik í bilum milli þeirra.

Teikningar þurfa ekki að vera í frumriti.